



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/227

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/144*  
*komudagur 17. 11. 2003*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

17. nóvember 2003


Efni: **Um frumvarp til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, 7. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. október sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint frumvarp. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Yfirskrift 21. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er **önnur þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi**, og yfirskrift 22. gr. þeirra laga er **tímabundin starfsemi og yfirtaka eigna**. Í 21. gr. laganna er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum heimilt að hafa með höndum skv. nánari skilyrðum svonefnda þjónustustarfsemi og hliðarstarfsemi, þannig að rekstur þessara lánastofnana geti þróast á eðlilegan hátt án þess að löggjöfin setji í því efni óeðlilegar skorður. Í 22. gr. er gert ráð fyrir því, að viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum sé heimilt að stunda aðra starfsemi tímabundið í því skyni að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila, sem lent hafa í erfiðleikum, og einnig eins og skýrt kom fram í athugasemdum með frumvarpinu á sínum tíma, að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum í því skyni að sameina aðra starfsemi, skrá verðbréf og selja þau almenningi, þ.e. að hafa með höndum fjárfestingabankastarfsemi eins og sagt er. Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eru ný, og var mjög vandað til þeirrar lagasetningar. Viðurkenna má, að þegar sú vinna stóð yfir, sáu menn ekki fyrir þær hræringar, sem að undanförmu hafa orðið hér á landi í viðskiptalífínu. Eigi að síður verður ekki annað séð en að hin nýja löggjöf tryggji bærilega hagsmuni allra hlutaðeigandi. Er þá m.a. haft í huga hlutverk Fjármálaeftirlitsins vegna starfsemi lánastofnana að þessu leyti, og raunar víðtækt eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins almennt, þ.m.t. heimildir þess til að semja og birta tilmæli um tilhögun einstakra þátta í starfsemi fjármálafyrirtækja, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Fjármálaeftirlitið hefur einmitt fyrir nokkru birt drög að leiðbeinandi tilmælum varðandi þátttöku í atvinnurekstri og starfsheimildir viðskipabanka, sparisjóða og lánaþyrirtækja, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki. Þeim tilmælum er m. a. ætlað að tryggja hagsmuni viðskiptamanna.
3. Það frumvarp til breytingar á lögum um fjármálaþyrirtæki, sem hér er til umfjöllunar, hefur að markmiði að takmarka starfsheimildir lánastofnana, einkum varðandi hliðarstarfsemi og fjárfestingabankastarfsemi þeirra. Af hálfu SÍT sýnist, með efni gildandi laga í huga og væntanleg tilmæli Fjármálaeftirlitsins, að málum þessum sé hagað á fullnægjandi hátt, og ekki sé bein þörf á þeim lagabreytingum, sem frumvarpshöfundar gera hér tillögur um.

Með vinnsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



\_\_\_\_\_  
Sigmar Ármannsson